

# STEINGRIMUR EYFJÖRD —

# THE GOLDEN PLOVER HAS

# ARRIVED —

# LOAN ER KOMIN

⑤ CAMERAS

9 landscape photos  
from from  
9 camera obscurations  
from breakfast cereal boxes  
analysis

LABORATION  
with 1mm<sup>2</sup>  
bottle of water  
the bottle  
arton

is the context  
minority government that created  
kily took hold of  
Coca Cola, Cornfl  
ty years later we arrived on the  
made a rush a  
use this was the development of  
ported ways of living  
Einar

jects given to humans  
Elfs and hidden-people  
om the collection of the  
elandic National Museum

THE SHEEP-PEN

□ □□□□

sheep-pen  
topograph of the mountain/golfcourse  
at about elfs/hiddenpeople  
ritten by medium  
ranscript from video of the event  
hen the sheep was bought

① Sculpture  
loan er komin

has arri



## Lóan er komin

Steingrímur Eyfjörð verður fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 2007.

Verk hans, Lóan er komin, samanstendur af 13 sjálfstæðum verkum; ljósmyndum, skúlptúrum, textum, teikningum, myndböndum og öðrum miðlum. Þar er fléttað saman ólíkum þráðum úr íslenskri sögu og samtíma með tilvísunum í vestræna heimsmynd og alþjóðavæðingu.

Steingrímur kafar djúpt í menningararfleifið Íslendinga og nútímalega tjáningu hennar, en endurskoðar um leið þá tjáningu og setur hana í annað og margræðara samhengi en oftast er raunin. Þungamiðja verksins er Gerðið. Gerðið sjálft er smíðað eftir leiðbeiningum huldumanns sem Steingrímur komst í samband við í gegnum miðil en verkið lýsir ferð listamannsins til heimkynna huldumannsins á Suðurlandi til að kaupa af honum kind.

Lóan er komin fellur einkar vel að yfirskrift Feneyjatvíæringnum 2007 sem er stýrt af listfræðingnum og sýningarstjóranum Robert Storr sem starfaði áður við MOMA safnið í New York. Hún er Think with the Senses — Feel with the Mind. Art in the Present Tense. Í hana má lesa viðsnúning á viðteknum hugmyndum um þekkingarsköpun, sem er einmitt ríkur þáttur í verkum Steingríms og kemur skýrt fram í áhuga hans á fyrirbærum sem eru andstæða rökhyggjunnar, s.s. hindurvitnum og þjóðsögum.

**Steingrímur Eyfjörð** er fæddur árið 1954 í Reykjavík, þar sem hann býr og starfar. Hann útskrifaðist frá Myndlista- og handiðaskólanum 1978 og lagði stund á framhaldsnám í Ateneum í Helsinki (1980) og Jan Van Eyck Akademiúnni í Maastricht í Hollandi (1983). Hann hefur um árabil verið einn af athyglisverðustu og virkustu myndlistarmönnum á Íslandi.

Steingrímur á að baki yfir 35 einkasýningar og ótal samsýningar, á Íslandi og erlendis, m.a. í Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Nýlistasafninu, Gerðarsafni, Listasafninu á Akureyri, Den Haag Gemeente

Museum, Royal College of Art (London), Mücsarnok (Budapest), Centre International d'Art Contemporain (Carros, Frakklandi), Meilahti Art Museum, (Helsinki) og Henie Onstad Kunstcenter (Oslo).

Hann var tilnefndur til Carnegie Art Award 2004 og aftur 2006 og hlaut Menningarverðlaun DV fyrir myndlist árið 2002.

Stefan Stux Gallery er umboðsaðili Steingríms í Bandaríkjunum.

**Dr. Christian Schoen** hefur umsjón með framkvæmd íslenska skálans á Feneyjatvíæringnum (er 'commissioner'). Hann er fæddur í Þýskalandi 1970, lagði stund á nám í listasögu, stjórnmálafræði og sálfræði við háskólana í Kiel og München og lauk doktorsprófi í listasögu árið 2001. Hann var aðalsýningarstjóri sýningarrýmisins "Iothringer 13" í München (2000–2003), verkefnisstjóri á menningarsviði Münchenborgar (2001) og hefur starfað sem stjórnandi Osram Art Projects í München frá 2001. Hann var skipaður forstöðumaður Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar árið 2005.

**Hanna Styrmisdóttir** er sýningarstjóri íslenska skálans í Feneyjum 2007. Hún hefur stýrt fjölda sýninga, þ.á.m. Grús í Norræna húsinu (2005), sýningu Matthews Barney, Cremaster Plate, í Nýlistasafninu (2003) og sýningaröðinni Kúlan í Listasafni Reykjavíkur / Ásmundarsafni (2003). Hanna hefur áður starfað sem framkvæmdastjóri Sjónlistar (2006), upplýsinga- og verkefnisstjóri Norræna hússins (2005 – 2006) og fræðslu-fulltrúi hjá Listasafni Reykjavíkur (2001 – 2003). Hún var jafnframt fréttaritari Contemporary Magazine (London) frá 2002 – 2003, verkefnisstjóri fyrir Reykjavík, Menningarborg Evrópu 2000 og átti sæti í stjórn Nýlistasafnsins frá 1999 – 2002. Hún lauk framhaldsgráðu í gagnrýnum fræðum (Critical Studies) frá Listaháskólanum í Malmö / Háskólanum í Lundi (2004), MA prófi í myndlist frá Chelsea College of Art í London (1996) og BFA gráðu í myndlist frá Parsons School of Design, París og New York (1993).

## Ísland í Feneyjum

Þátttaka Íslands í Feneyjatvíæringnum hófst með formlegum hætti árið 1984, en áður höfðu nokkrir íslenskir listamenn sýnt þar á samsýningum eða á sérstökum svæðum. Jóhannes Kjarval og Ásmundur Sveinsson voru t.a.m. fulltrúar Íslands árið 1960 og 1978 tók Sigurður Guðmundsson þátt í sýningunni í boði Norðurlandþjóðanna, Magnús Pálsson sýndi í danska skálanum árið 1980 og Jón Gunnar Árnason og Kristján Guðmundsson voru fulltrúar Íslands árið 1982. Árið 1984 bauðst Íslendingum að leigja skála Finna sem Alvar Aalto teiknaði 1956 og þar með hófst regluleg þátttaka Íslands í stærsta myndlistarviðburði heims.

Með þátttöku Íslands er stefnt að því að skapa vettvang fyrir virka þátttöku íslenskra myndlistarmanna í alþjóðlegu listsamfélagi. Sú þátttaka er til frásagnar um þau menningarlegu gildi sem Íslendingar sem þjóð leggja til grundvallar samfélagi sínu. Íslenskir listamenn á öllum sviðum hafa haslað sér völl á alþjóðlegum vettvangi og í öðrum samfélögum víða um heim. Þeir eru einnig, ávallt, fulltrúar þeirrar menningar sem þeir eru sprotnir úr og hvergi með svo augljósum hætti sem á Feneyjatvíæringnum þar sem þeir sýna verk sín, ekki einungis sem einstaklingar, heldur sem opinberir fulltrúar þjóðar sinnar.

Feneyjatvíæringurinn er elsti og mikilvægasti stórvíðburður í hinum alþjóðlega myndlistarheimi. Til hans var stofnað árið 1893 af borgarráði Feneyja og fyrsta sýningin haldin tveimur árum síðar, árið 1895. Þáverandi borgarstjóri Feneyja, Riccardo Selvatico, átti mestan þátt í að gera sýninguna að veruleika, en hugmynd hans var að breyta kvöldfundum listamanna á Caffè Florian í borginni í alþjóðlega listsýningu. Yfir 200.000 gestir sóttu fyrstu sýninguna sem var eingöngu tileinkuð myndlist en síðan hefur tvíæringurinn fært út kvíarnar og nú eru haldnar alþjóðlegar sýningar í Feneyjum á sviði kvikmyndalistar, byggingarlistar, tónlistar, leiklistar og danslistar á ári hverju, auk myndlistar.

Yfir 70 þjóðir senda fulltrúa sína á myndlistarhlutann annað hvert ár og setja upp sýningar í svonefndum þjóðarskálum á aðalsýningarsvæðinu, Giardini di Castelli og víðar um borgina. Sýningarstjórar skipaðir af stjórn tvíæringssins ákveða yfirskrift og áherslur tvíæringssins hverju sinni og stýra jafnframt stórrí samsýningu listamanna í Giardini di Castelli og Corderi dell'Arsenale. Gestir sýningarinnar telja nú hátt í 1.000.000 manns og það er engum blöðum um það að fletta að þátttaka í Feneyjatvíæringnum er eitt stærsta tækifæri og mesti heiður sem myndlistarmanni fellur í skaut. Einn þátttakandi hlýtur jafnframt Gullna ljónið fyrir framlag sitt til sýningarinnar.

Umtalsverðar breytingar hafa orðið á framkvæmd sýningarinnar af hálfu Íslendinga á síðustu árum og hinni nýstofnuðu Kynningar-miðstöð íslenskrar myndlistar hefur nú verið falin umsjón með framkvæmd hennar í fyrsta sinn, í samstarfi við listamanninn. Kynning sýningarinnar erlendis er jafnframt í fyrsta sinn í höndum samskiptafyrirtækis á sviði menningar, Brunswick Arts í Bretlandi, sem annaðist m.a. kynningu á framlagi Íslands til arkitektúrtvíæringssins í Feneyjum 2006. Brunswick Arts hefur starfað fyrir Arts Council í Englandi um árabíl og annast kynningu á breska skálanum á Feneyjatvíæringnum, sem og ástralska skálanum. Fyrirtækið kynnrir einnig Art Basel og Basel Miami í Bretlandi, British Museum, samstarf UBS og Tate Modern sem var kynnt á síðasta ári, og svo mætti lengi telja.

Verkefnið er gert kleift með stuðningi fjölda bakhjarla sem hafa átt ríkulegan þátt í þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað í íslensku menningarlífi á síðustu árum.

Þeir eru

- Menntamálaráðuneytið
- Baugur Group
- Landsvirkjun
- Landsbankinn
- Glitnir
- Reykjavíkurborg
- Utanríkisráðuneytið
- Straumur Burðarás fjárfestingarbanki
- Tryggingamiðstöðin
- Icelandair
- Islandtours á Ítalíu
- Vodafone í Þýskalandi

Feneyjatvíæringurinn verður opnaður almenningi 10. júní næstkomandi og stendur til 21. nóvember. Formleg opnun íslenska skálans verður 6. júní kl. 20, í nýjum skála í Palazzo Bianchi Michiel, við Canale Grande miðsvæðis í borginni, skammt frá Rialto brúnni og vaporetto stöðinni Ca d'oro.

Í tilefni sýningarinnar standa Lóan er komin ehf., Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Listasafn Reykavíkur sameiginlega að útgáfu sýningarskrár í ritstjórn Steingríms Eyfjörð og Hönnu Styrmsdóttur.

Sýning Steingríms Eyfjörð er unnin í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og mun opna almenningi á Íslandi í húsakynnum safnsins í Hafnarhúsi í janúar 2008.

Verkið, eða hluti af því, verður einnig sýnt á vegum Landsvirkjunar sumarið 2008.

Sýningarskáli Palazzo Bianchi Michiel,  
Cannaregio 4391/A-Strada Nova  
(Vaporetto Ca' d'Oro)

Framkvæmdaraðili  
CIA.IS – Center for Icelandic Art  
Sími 562 72 62  
Fax 562 66 56  
info@cia.is www.cia.is

Commissioner  
Christian Schoen  
schoen@cia.is

Sýningarstjóri  
Hanna Styrmsdóttir  
hs@hive.is

Vefsíða listamannsins  
www.eyfjord.com

Vefsíða íslenska skálans  
www.cia.is/venice

Kynning erlendis  
Benjamin Ward  
Brunswick Arts (London)  
+44 (0) 20 7936 1297  
netfang bward@brunswickgroup.com  
Brunswick Arts LLP  
16 Lincoln's Inn Fields  
London WC2A 3ED

Vefsíða tvíæringins  
www.labiennale.org

Sameiginleg vefsíða Feneyjatvíæringis,  
Documenta, Basel og Münster  
www.grandtour2007.com

Vefsíða Stux Gallery  
www.stuxgallery.com